

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/47/09

frá 6. september 2000

um framkvæmd tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar notagildi þakklæðninga með tilliti til bruna af völdum utanaðkomandi elds(*)

(tilkynnt með númeri C(2000) 2266)

(2000/553/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE ⁽²⁾, einkum 13. og 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við tilskipun 89/106/EBE er aðildarríkjunum skylt að sjá til þess að byggingar og mannvirki á yfirráðasvæðum þeirra séu hönnuð og byggð á þann veg að fólki, húsdýrum og eignum stafi ekki hættu af auk þess sem þau fullnægi öðrum grunnkröfum í þágu almannaheilla.
- 2) Af þessum sökum eru ákvæði um hönnun og útfærslu þaksamstæðna á ábyrgð aðildarríkjanna.
- 3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar varðandi grunnskjal með tilskipun 89/106/EBE ⁽³⁾ eru í lið 2.2 í grunnskjali nr. 2 taldar upp ýmsar innbyrðis tengdar ráðstafanir sem hafa það að markmiði að fullnægja grunnkröfunni „Varnir gegn eldsvoða“ auk þess sem með þeim er lagður grunnur að mótun stefnu á sviði brunavarna sem má útfæra á mismunandi vegu í aðildarríkjunum.
- 4) Í lið 4.3.1.2.2 í grunnskjali nr. 2 er gerð grein fyrir kröfum um byggingavörur sem notaðar eru í þök sem verða fyrir bruna af völdum elds utan frá.
- 5) Í ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar 98/436/EB ⁽⁴⁾, 98/599/EB ⁽⁵⁾, 98/600/EB ⁽⁶⁾, 1999/90/EB ⁽⁷⁾, 2000/245/EB ⁽⁸⁾ og 2000/553/EB um staðfestingu á samræmi byggingavara að því er varðar þakklæðningar sem verða fyrir brunaáraun af völdum elds utan frá er kveðið á um það að tiltekna vörur eða efni megi án prófunar „teljast fullnægjandi“ miðað við kröfur um „nothæfi með tilliti til bruna af völdum elds utan frá“.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 235, 19.9.2000, bls. 19, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2002 frá 1. febrúar 2002 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 18, 4.4.2002, bls. 4.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 220, 30.8.1993, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 62, 28.2.1994, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 194, 10.7.1998, bls. 30.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 287, 24.10.1998, bls. 30.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 287, 24.10.1998, bls. 35.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 29, 3.2.1999, bls. 38.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 77, 28.3.2000, bls. 13.

- 6) Nothæfi margra þakklæðningarvara og -efna, með tilliti til bruna af völdum elds utan frá, hefur verið rækilega staðfest og er það vel þekkt meðal brunaeftirlitsaðila í aðildarríkjunum að ekki er þörf að prófa vörurnar eða efnin með tilliti til þessarar tilteknu gæðakröfu.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum eru tilgreindar þær þakklæðningarvörur og/eða -efni sem telja má að uppfylli allar gæðakröfur um „nothæfi með tilliti til bruna af völdum elds utan frá“ án prófunar, með fyrirvara um að farið sé að innlendum ákvæðum um hönnun og útfærslu mannvirkjanna.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. september 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Almenn skilyrði

Hugtakið þakklæðning er notað um byggingarvöruna sem myndar efsta lag þaksamstæðunnar.

Ákvæðin lúta að nothæfi þakklæðninga sem verða fyrir brunaáraun af völdum elds utan frá (venjulega er talað um gæðakröfuna um „nothæfi þakklæðninga með tilliti til bruna af völdum elds utan frá“).

Viðmiðanirnar varðandi nothæfi þakklæðninga með tilliti til bruna af völdum elds utan frá, sem vörurnar eða efnin í eftirfarandi töflu eru talin geta uppfyllt án þess að þörf sé prófunar, með fyrirvara um viðeigandi hönnun og útfærslu, lúta að eftirtöldum atriðum: gegnþrengingu elds, útbreiðslu elds eftir ytra byrði þaksins eða í gegnum þaksamstæðuna og myndun logandi dropa eða agna.

Þakklæðningavörurnar og -efnin, sem um getur í eftirfarandi töflu, skulu vera í samræmi við viðkomandi tækniforskriftir (samhæfðan evrópskan staðal eða evrópskt tæknisamþykki).

Þakklæðningavörur og -efni, sem talin eru upp í töflunni, skulu vera í samræmi við innlend ákvæði um hönnun og útfærslu mannvirkja einkum að því er varðar samsetningu og nothæfi samliggjandi hluta þaksins og annarra byggingavara innan þaksamstæðunnar með tilliti til viðbragða við bruna. Aðildarríkjunum er heimilt að fara fram á prófanir til að sýna að ákvæðin séu uppfyllt ef vörurnar eða efnin eru notuð í samsetningum sem ekki eru taldar uppfylla framangreind innlend ákvæði⁽¹⁾.

Sérstök skilyrðin, sem sett eru fram í töflunni, koma ekki í veg fyrir að aðildarríkin geti samþykkt markaðsetningu og notkun viðkomandi byggingavara eða efna, án prófunar, með rýmri skilyrðum.

Tákn

PCS: heildarvarmagildi

TAFLA

Þakklæðningavörur (og/eða -efni) sem telja má að uppfylli allar gæðakröfur um „nothæfi með tilliti til bruna af völdum elds utan frá“ án prófunar, með fyrirvara um að farið sé að innlendum ákvæðum um hönnun og útfærslu mannvirkja

Þakklæðningavörur eða -efni	Sérstök skilyrði
<i>Flögusteinar</i> : náttúrulegar plötur, steinplötur	Uppfyllir ákvæði ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 96/603/EB
<i>Flisar</i> : þakflisar úr steini, steinsteypu, leir, keramik eða stáli	Uppfyllir ákvæði ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 96/603/EB Öll efni til yfirborðsmeðferðar (húðunar) skulu vera ólífræn eða PCS gildið $\leq 4,0 \text{ MJ/m}^2$ eða massinn $\leq 200 \text{ g/m}^2$
<i>Trefjastyrkt sement</i> : — Flatar og bylgjulaga þakplötur — Flögusteinar	Uppfyllir ákvæði ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 96/603/EB eða PCS $\leq 3,0 \text{ MJ/kg}$
<i>Bylgjulaga þakplötur úr málm</i> : ál, álblend, kopar, koparblend, sink, sinkblend, óhúðað stál, ryðfrítt stál, tinhúðað stál, rúlluhúðað stál, glerhúðað stál (vitreous enamel steel)	Þykkt $\geq 0,4 \text{ mm}$ Öll efni til yfirborðsmeðferðar (húðunar) skulu vera ólífræn eða PCS gildið $\leq 4,0 \text{ MJ/m}^2$ eða massinn $\leq 200 \text{ g/m}^2$
<i>Flatar þakplötur úr málm</i> : ál, álblend, kopar, koparblend, sink, sinkblend, óhúðað stál, ryðfrítt stál, tinhúðað stál, rúlluhúðað stál, glerhúðað stál	Þykkt $\geq 0,4 \text{ mm}$ Öll efni til yfirborðsmeðferðar (húðunar) skulu vera ólífræn eða PCS gildið $\leq 4,0 \text{ MJ/m}^2$ eða massinn $\leq 200 \text{ g/m}^2$

⁽¹⁾ Til dæmis er vitað að sum aðildarríkin krefjast þess að notað sé eldtraust undirlag af tiltekinni þykkt til þess að koma í veg fyrir að þakplötur úr málm komist í snertingu við burðarvirkið. Prófa þarf málmþakplöturnar í eftirfarandi töflu sem atlaðar eru til notkunar í þessum löndum ásamt öðrum gerðum undirlags til þess að sýna fram á að þær séu í samræmi við innlend ákvæði um hönnun og útfærslu mannvirkja.

Þakklæðingarvörur eða -efni	Sérstök skilyrði
<i>Vörur sem eiga að vera alveg hjúpaðar við venjulega notkun (með ólifrænu hjúpunarefnunum sem talin eru upp í hægra dálki)</i>	Lausamöl sem er a.m.k. 50 mm að þykkt eða hefur lágmarksmassann $\geq 80 \text{ kg/m}^2$ (lágmarkskornastærð 4 mm, hámark 32 mm) Jöfnunarefni úr sandi eða sementi sem er a.m.k. 30 mm að þykkt Steyptar hellur eða hellur úr jarðefnum, a.m.k. 40 mm að þykkt